

4. fundur starfshóps um íþróttahús á Eskifirði

16. október 2025

Starfshópur á vegum Fjarðabyggðar hefur farið yfir stöðu og framtíðarsýn varðandi íþróttaaðstöðu á Eskifirði. Hópurinn hefur skoðað nokkrar sviðsmyndir og metið kosti þeirra með tilliti til fjárhags, aðstöðu, þjónustu og framtíðarsýnar. Hér að neðan er samantekt niðurstöðu gagnvart endurbótum á núverandi íþróttahúsi Eskifjarðar, endurbyggingu á nýju íþróttahúsi á sömu staðsetningu og núverandi hús og nýju íþróttahúsi við hlið sundlaugar á Eskifirði.

Sviðsmynd 1 – Enduruppbygging íþróttahúss Eskifjarðar

Lýsing:

Sviðsmynd 1 gerir ráð fyrir að núverandi hús verði endurbyggt. Lagt var til að stóla upp þak ofan á núverandi burðarbita og klæða það með yleiningum, auk þess að klæða stafna með bárujárn. Innandyrar var lagt til að múra veggja eða klæða þá með timburgrind og sterkum plötum. Fjarlægja þyrfti íþróttadúk og setja nýjan í staðinn. Kostnaðaráætlun var gerð fyrir þessum endurbótum og hljóðaði hún upp á 199.328.400 kr. (endurreiknað desember 2024).

Mat starfshópsins:

Helsti kosturinn við þessa leið er að nýta áfram núverandi staðsetningu íþróttahússins, sem er í miðju skólasvæðisins og þjónar daglegri starfsemi grunnskólans vel. Þrátt fyrir það er þessi sviðsmynd talin fela í sér verulegar áskoranir og áhættu. Húsið er gamalt, með burðarvirki sem er erfitt og kostnaðarsamt að breyta, og rakavandamál hafa fylgt byggingunni lengi. Óvissa um umfang skemmda og kostnað vegna viðgerða er stór, og jafnvel með framkvæmdum í samræmi við áætlun myndi húsið áfram bera með sér takmarkaða endingu og háan viðhaldskostnað. Að auki er aðgengi að búningssklefum og áhorfendaaðstöðu ófullnægjandi, og vegna þess að stúkurnar eru hluti af burðarvirki er ekki hægt að fjarlægja eða endurhanna þær án umfangsmikilla framkvæmda. Starfshópurinn telur að þessi leið gæti orðið dýr bráðabirgðalausn sem seinkar nauðsynlegri framtíðaruppbyggingu.

Sviðsmynd 2 – Nýtt stálgrindarhús á núverandi stað

Lýsing:

Byggt yrði nýtt stálgrindaríþróttahús á núverandi lóð, að stærð allt að 900 m², þar sem gamla húsið yrði rífið og nýtt hús reist á sama stað.

Mat starfshópsins:

Kosturinn við þessa leið er að nýtt hús tryggir nútímakröfur um einangrun, lofthæð, lýsingu og loftræstingu, auk þess sem hægt er að hanna húsið sérstaklega fyrir íþróttaiðkun grunnskólans og félagasamtaka. Núverandi staðsetning er einnig hagstæð í daglegu starfi skólans og samgönguleg tenging við aðra aðstöðu er þægileg.

Ókostirnir eru þó margþættir. Lóðin er mjög þröng, sem takmarkar möguleika til stækkunar eða viðbótaraðstöðu. Aðgengi er takmarkað og erfitt væri að bæta þau innan ramma svæðisins. Þá útilokar sviðsmyndin breytingar á nýverandi skólalóð þar sem þrengt yrði svæðinu.

Að auki fylgir þessari sviðsmynd kostnaður við niðurrif á núverandi húsi sem ekki væri hægt að biðja með, auk þess sem skólastarf myndi verða fyrir verulegri truflun á framkvæmdatíma.

Á heildina litið er þessi sviðsmynd talin lausn til skamms tíma sem ekki myndi bæta heildaraðstæður né skapa svigrúm fyrir framtíðarsýn í þróun íþróttaaðstöðu á Eskifirði.

Sviðsmynd 3 – Nýtt íþróttahús á lóð við sundlaugina á Eskifirði

Lýsing:

Í þessari sviðsmynd er gert ráð fyrir byggingu nýs íþróttahúss á lóð við sundlaugina á Eskifirði, sunnan við núverandi húsnaði sundlaugar og í nálægð við Grunnskóla Eskifjarðar. Staðsetningin býður upp á að nýja húsið verði hluti af samfelldu íþróttasvæði þar sem hægt er að tengja það beint við sundlaugina með, sem gerir kleift að samnýta búningsaðstöðu, tækjabúnað og orku.

Þannig yrði til heildstætt íþróttasvæði með fjölbreyttum möguleikum til æfinga, kennslu og keppni, sem gæti nýst jafnt skólanum, íþróttafélögum og almenningi allt árið um kring.

Tengingin við sundlaugina eykur einnig möguleika á samþættingu kennslu í sundi og íþróttum, og skapar skýra sýn á sameinaðri íþróttamiðstöð Eskifjarðar til framtíðar. Nýbyggingin myndi jafnframt bæta orkunýtingu og rekstrarhagkvæmni, auk þess sem aðgengi yrði bætt verulega bæði fyrir nemendur og íbúa.

Niðurstaða starfshópsins:

Starfshópurinn hefur farið yfir ástand núverandi íþróttahúss á Eskifirði og telur að það sé í verulegri viðhaldspörf. Burðarvirki, þak og innviðir bera merki aldurs og rakavandamál hafa verið viðvarandi um árabíl. Þessi vandamál eru ekki aðeins kostnaðarsöm til skemmri tíma heldur einnig óvissuþáttur til framtíðar, þar sem umfang og áhrif rakaskemmda geta reynst meiri en nú liggur fyrir.

Hópurinn telur að möguleikar til endurbóta eða breytinga á núverandi húsnaði séu takmarkaðir, bæði vegna burðarvirkis og hönnunar. Þetta þykir gera áframhaldandi viðhald á húsinu hvorki arðbært né varanlega lausn.

Því leggur starfshópurinn til að horft verði til nýbyggingar íþróttahúss á lóð við sundlaugina á Eskifirði, þar sem hægt væri að tengja húsið beint við sundlaugina með tengigangi. Slík lausn býður upp á samnýtingu starfsfólks, sameiginlegan aðbúnað og eitt íþróttasvæði með betri nýtingu á orku, húsnæði og mannauði.

Auk þess myndi þessi staðsetning skapa tækifæri til að endurskipuleggja og bæta skólalóð Grunnskóla Eskifjarðar þegar fram líða stundir. Starfshópurinn er þó meðvitaður um að fjárhagslegt svigrúm til endurbóta á skólalóð verður ekki til staðar á meðan framkvæmdir við nýbyggingu standa yfir.

Hópurinn leggur til að hafinn verði undirbúningur að lóðar- og skipulagsmálum, samhliða því að leitað verði samráðs við skólastjórnendur Grunnskóla Eskifjarðar og starfsmenn íþrótta- og tómstundamála Fjarðabyggðar um næstu skref. Starfshópurinn leggur jafnframt til að skólastjórnendur verði boðaðir á næsta fund hópsins til að fara sameiginlega yfir möguleika og forgangs röðun verkefnisins.

Niðurstaða:

Starfshópurinn telur að nýbygging íþróttahúss við sundlaugina sé augljósasti og hagkvæmasti kosturinn til framtíðar, bæði út frá rekstrarhagkvæmni, samnýtingu mannauðs og framtíðarsýn um samfellda og góða íþrótta- og skólaaðstöðu á Eskifirði.